

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um byggingu þjóðjarða.* 82
 — Í álitsskjali því, sem hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi, frá 22. maí.
 12. okt. f. á., hefir nefnd sú, er skipuð var með allrahæztum úrskurði 29. okt. 1875 til að semja ný skattalög m. m., í IX. kafla gjört að umtalsefni, hverjum reglum fylgja skuli um byggingu þjóðjarða á Íslandi.

Nefndin hefir í því efni sjerstaklega vakið athygli á, hversu ólíkt jarðagjöld sjeu reiknuð í ýmsum hjeruðum landsins og ýmsum umboðum, og sýnt fram á með yfirliti, er hún hefir samið í því skyni, þvílíkan halla landssjóðurinn bíði af því, að jarðagjöldin eru tekin eptir öðrum reglum í suður- og vesturumdæminu, en í norðurumdæminu, þar sem nú víðast er fylgt þeirri reglu, er nefndin álitur rjetta, að meðalverð allra meðalverða ræður útreikningi jarðagjaldanna.

Til að koma á meiri jöfnuði í þessu efni og jafnframt að auka tekjur landssjóðsins hefir nefndin auk þess stungið upp á: 1. að undanþágur þær og eptirgjafir, sem að undanfögnu hafa verið veittar í afgangnum þjóðjarða, verði afnumdar, og 2. að jafnóðum og ábúðin losnar á þessum jörðum, þá verði þær byggðar með hinu forna landaúragjaldi þeirra eptir meðalverði allra meðalverða.

Nú hafið þjer, herra landshöfðingi, álitid það hagkvæmt, að afnema þær undanþágur og eptirgjafir í jarðagjöldunum, sem á ýmsum tímum hafa verið veittar öllum jörðum í sumum umboðum, án tillits til, hvort þörf hefir verið á eptirgjöfnni fyrir sumar hverjar þessara jarða, heldur eingöngu af því, að flestir leiguliðarnir voru fátækir og áttu örðugt með að greiða áskilin eptirgjöld í peningum eða landaurum, reiknuðum eptir meðalverði allra meðalverða, og látið þá skoðun í ljósi, að afnám eptirgjafanna ætti að eiga sjer stað að þeim tíma liðnum, sem þær voru veittar fyrir, eða að því leyti eptirgjöfnni sje heitið núverandi leiguliða í byggingarbrjefinu fyrir ábúðartíma hans, undir eins og jörðin losnar úr byggingu, og sömuleiðis muni það vera hagkvæmt, að öll jarðagjöld verði eptirleiðis áskilin í peningum eptir meðalverði allra meðalverða.

Út af þessu skal eigi látið undan falla að athuga það, er nú segir:

Það hefir ekki verið ráðgjafanum alveg ljóst, hvernig ofannefndar tillögur nefndarinnar á að skilja. Það verður sem sje ekki betur sjóð, en að fyrri tillagan annaðhvort sje óþörf eða hún sje í mótsögn við síðari tillöguna, því þegar eldri undanþágur eru afnumdar virðist verða að greiða gjöldin undir eins eptir almennum reglum, e: eptir meðalverði allra meðalverða, en aptur er í síðarnefndri tillögu gjört ráð fyrir, að breytingin komist á smátt og smátt, jafnóðum og jarðirnar losna. Þar sem þjer, herra landshöfðingi, því næst ætlist til, að afgangslinunin falli niður við lok þess árabils, er hún var veitt fyrir, með því að synjað verði að lengja hana, en verði annars eigi afnumin fyr en við ábúanda skipti, skal við það athugað, að slík linun í eptirgjaldi um tiltekið tímabil hefir ekki verið veitt með konungsúrskurðum nema umboðunum í vesturumdæminu, en þegar til þess er lítið, að eptirgjaldslinun þessi hefir stöðugt síðan 1842 undantekningarlaust verið veitt aptur og aptur í 3, 4, og 5 ár í einu, og að hlutaðeigandi leiguliðar því sjálfsgagt ætla upp á, að því muni fram fara, að minnsta kosti meðan kringumstæðurnar ekki breytast, og sjálfsgagt opt hafa tekið jarðirnar á leigu einungis í því trausti, enda þótt ekkert berlegt loforð sje um það í byggingarbrjefinu, þykir ráðgjafanum það vafasamt, hvort tilhlýðilegt sje að hækka jarðagjöldin um ábúðartíma þeirra leiguliða, sem nú eru á jörðunum, enda þótt ýmsir þeirra kynnu að vera færir um að greiða hærri eptirgjöld. Apt-

Hinn 17. júlí 1877.

82
22. maí. ur á móti virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að taka við ábúanda skipti upp hinn forna reikning eptir meðalverði sem almenna reglu, einnig fyrir þessar jarðir; en þess verður eigi dulizt, að afleiðingin verður að líkindum sú, að margar jarðir mundu eigi byggjast fyrir fullt ákveðið eptirgjald, og mundi því tekju-auki sá, er gjört er ráð fyrir af þessu, reynast að nokkru leyti tóm ímyndun. Þess verður sem sje að gæta, að hinar veittu eptirgjafir optast nær hafa verið óumflýjanlegar, af því að ekki hefir verið unnt að byggja jarðirnar fyrir ákveðið eptirgjald sökum fátæktar í hlutadeigandi hjeruðum, sem sjer í lagi allvíða í vesturamtinu er orðin svo mögnuð, að þurft hefir, eins og yður, herra landshöfðingi, er kunnugt, að hjálpa amtsbúum af opinberu fje með lánun, sem ekki hafa fengizt endurborguð.

Þó að ráðgjafinn sje yður, herra landshöfðingi, og nefndinni fyllilega samdóma um, að bráðra bóta sje þörf í þessu efni, þykir þó eptir framansögðu varúðarvert, að taka eindregna ákvörðun í svo þýðingarmiklu máli, án þess að nein ummæli liggja fyrir hendi frá yfirvöldum þeim, er næst því standa, og eruð þjer, herra landshöfðingi, því þjónustusamlega beðnir þóknanlega að útvega frá hlutadeigandi amtmönnum og umboðsmönnum skýringar þær, sem þörf er á í þessu efni.

Að því er snertir uppástungu yðar, herra landshöfðingi, um að taka upp byggingaruppboð, hlýtur ráðgjafinn að efast um, eptir þeirri megnu mótstöðu, sem sú ráðstöfun varð fyrir, er tilraun var með hana gjörð 1843—47, og sem til þess leiddi, að hún var af numin með brjefi innanríkisstjórnarinnar 23. maí 1850, hvort nýtt boðorð um byggingaruppboð geti átt von á hylli alþingis, — og virðist að minnsta kosti eigi ráð, að gjöra neina tilraun í þá átt, áður en nánari vitneskja er fengin um, hversu henni mundi verða tekið. Eruð þjer, herra landshöfðingi, því beðnir að leita einnig álits amtmannanna og umboðsmannanna á Íslandi um þetta atriði.

83
25. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um úrskurðarvald landshöfðingja.* — Út af bönarbrjefi, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 5. febr. þ. á., og þær sem presturinn að Bjarnanesi, síra Jón Jónsson, mælizt til þess, að úrskurður sá, er þjer, herra landshöfðingi, hafid gefid út 28. desbr. 1875, um það, hverjum beri forstaða Bjarnanessumboðs fardagaárið 1875—76 verði felldur úr gildi, skal skírskotað til 7. gr. auglýsingar frá 22. febr. 1875, sbr. við 20. gr., og því þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, að sitja verður við það, sem þjer hafid úrskurðað í máli þessu.

84
26. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennsluna í læknaskólanum.* — Vjer höfum fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. desember f. á., og skal yður nú tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn samkvæmt tillögum yðar fellst á, að byrjuð sje á hverju ári frá upphafi tilsögnin í því, sem kennt er í læknaskólanum í Reykjavík, eins og tíðkæzt hefir að undanförmu.

85
26. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gufuskipisferðir kringum landið.* — Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisráðherraunum með meðmælum sínum bönarskrá, er hingað barst frá nokkrum alþingismönnum hjer í bön-